

Fyrirspurn E 9/2023
Flytjandi Lorena Delgado Varas
Viðtakandi Ríkisstjórn Danmerkur

Skrifleg fyrirspurn um umhverfislegar afleiðingar af Lynetteholm

Til ríkisstjórnar Danmerkur

Í Danmörku er unnið að því að byggja hina manngerðu Lynetteholm-eyju utan Kaupmannahafnar. Áformin um byggja 280 hektara stóra eyju með landfyllingu til að verja Kaupmannahöfn gegn loftslagbreytingum hafa verið gagnrýnd harðlega fyrir að taka ekki nægilegt mið af umhverfislegri áhættu tengdri verkefninu.

Stærð manngerðu eyjunnar Lynetteholm er veruleg og hún mun teygja sig langt út í Eyrarsund. Skaginn mun skera af Kongedybet, eitt af þremur djúpum sundum í Eyrarsundi sem mikið magn sjávar með salti og súrefni úr Kattegatt streymir í gegnum inn í Eystrasaltið. Þetta innstreymi salts og súrefnis er skiptir sköpum fyrir umhverfið og lífríkið í öllu Eystrasalti.

Súrefnisskortur hefur nú þegar alvarleg áhrif í Eystrasalti vegna áratugalangs innstreymis næringarefna bæði úr landbúnaði og fráveituvatni frá iðnaði og heimilum. Minnkað innstreymi salts og súrefnis mun gera umhverfisaðstæður í Eystrasalti enn verri en áður.

Sænsk yfirvöld hafa lýst yfir efasemdum um samráðsferlið við Danmörku. Lénisyfirvöld á Skáni hafa vakið athygli á fjölda vandamála og vankanta á umhverfismatinu sem var unnið. Meðal annars sáu þau galla í útreikningum á dreifingarumfangi setlags og hve mikil áhrif það mun hafa á aðliggjandi svæði, meðal annars Natura 2000-svæðið. Einnig sáu þau hættu á minnkuðu streymi sjávar í gegnum Eystrasaltið og þar með minnkað innstreymi saltvatns og súrefnisríks vatns til þeirra mörgu staða í Eystrasalti sem þegar eru súrefnissnauðir.

Lénisyfirvöld töldu einnig að marhálmsengi á svæðinu muni hverfa. Marhálmsengi hafa verið eitt af helstu forgangsatridunum verndunaraðgerða í grunnsævi og því er á vesturströndinni í gangi verkefni þar sem marhálmi er sáð á ný, sem ekki alltaf einfalt.



Það er ljóst að verkefnið mun hafa alvarlegar umhverfislegar afleiðingar ef ekki er hægt að innleiða það sem svonefnda o-lausn, þegar tryggt er að það hafi engin nettóáhrif á sjó og saltinnihald Eystrasaltsins.

Með hliðsjón af þessu er lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:

Til samgönguráðherra Danmerkur

- Getur ráðherrann staðfest að bygging Lynetteholm, ólíkt Stórabeltisbrúnni og Eyrarsundsbrúnni, sé ekki skipulögð sem svonefnd o-lausn (trygging fyrir engum nettóáhrifum á sjó og saltinnihald í Eystrasalti) og, ef svo er, hvers vegna vikið sé frá o-lausninni?

Til ríkisstjórnar Danmerkur

- Hvaða ráðherra í dönsku ríkisstjórninni ber meginábyrgð á umhverfisaðstæðum og saltjafnvægi í Eystrasalti?
- Hvaða nettóáhrif mun Lynetteholm hafa að meðaltali á ári á saltjafnvægi í Eystrasalti ef engin o-lausn er fyrirhuguð og hve mikil áhrif mun Lynetteholmen á saltjafnvægi eftir t.d. 20 og 50 ár?
- Getur danska ríkisstjórnin tryggt að Lynetteholm muni ekki hafa áhrif á ástand þorsstofnsins í Eystrasalti og mun danska ríkisstjórnin samþykkja bótaskyldu vegna tjóns ef fiskveiðar í Eystrasalti verða fyrir tapi vegna Lynetteholm?
- Býr danska ríkisstjórnin yfir útreikningum á því hver umframkostnaður byggingar Lynetteholm verður með núlllausn og, ef svo er, hve mikill er hann?
- Hefur sænska/finnska ríkisstjórnin verið upplýst um og samþykkt eða lýst sig á móti byggingu Lynetteholm án o-lausnar?

Til umhverfisráðherra Danmerkur

- Hvaða áhrif ber umhverfisráðuneytið á umhverfisáhrifum Lynetteholm í Eystrasalti og hvernig er sú ábyrgð uppfyllt?

Stokkhólmi, 14. nóvember 2023

Lorena Delgado Varas (V)